



GJALDSKRÁ

fyrir söfnun og eyðingu sorps í Kjósarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Kjósarhrepps er heimilt að leggja á sorphirðugjald til að standa undir kostnaði sveitarfélagsins af sorphirðu og sorpeyðingu. Kjósarhreppur innheimtir árlega gjald fyrir sorphirðu í sveitarfélaginu eins og nánar er kveðið á um í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorphirðugjald er samkvæmt tegund eignar og tæming samkvæmt sorphirðudagatali sem birt er á vef sveitarfélagsins. Vegna frístundahúsa, óbyggðra lóða og rekstrar er lagt á sérstakt sorpgjald án tillits til stærðar íláta eða tæmingar.

3. gr.

Árs sorphirðugjald 2023 er sem hér segir:

Tegund	Álagning kr.
Íbúðarhúsnæði	51.600
Sorphirðugjald rekstrar í A-hluta	25.200
Frístundahús	24.000
Óbyggðar lóðir	5.400
Sorphirðugjald rekstrar í C-hluta	56.400

4. gr.

Af skráðum fasteignum í sveitarfélaginu skal greiða grunnjald óháð stærð íláta og án tillits til tæmingar. Eigandi fasteignar greiðir sorphirðugjald nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist sorphirðugjaldið af ábúanda eða notanda.

Eigendur jarða, ábúendur eða notendur, greiða eitt grunnjald enda séu skráðar fasteignir tilheyrandi jörðinni í umráðum sama eða sömu aðila og jörðin. Heimilt er að leggja sorphirðugjald rekstrar samkvæmt flokki A á allar jarðir í sveitarfélaginu óháð því hvort búseta sé á jörðunum eða ekki og óháð því hvort rekstur sé á jörðunum eða ekki. Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjalds vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði. Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

5. gr.

Sorphirðugjald skal álagt og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri, sem það er lagt á, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 7. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps, sbr. heimild í 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi nr. 30/2007, sbr. lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og tekur gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 20/2022.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. desember 2002..

Kjósarhreppi, 28. Desember 2022.

Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri.



B-deild – Útgáfudagur: